

Alþingi
Erindi nr. P 140/2098
komudagur 7.S. 2012



Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. maí 2012
Tilvísun: 2012040036
HrH/BH
Tölvupóstur dags. 25.04.2012.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáttak í vegamálum á árunum 2012 - 2013.

Með tölvupósti dags. 25.04.2012 er óskað eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Vegagerðin fagnar öllum hugmyndum um aukið fé til framkvæmda í vegamálum. Varðandi framangreinda tillögu til þingsályktunar er þó rétt að benda á eftirfarandi:

1. Ekki er mögulegt að undirbúa og bjóða út framkvæmdir fyrir 26,4 milljarða króna árið 2012, til þess þarf mun lengri tíma.
2. Ekki er heldur hægt að bjóða út verkefni fyrir 29,5 milljarða króna árið 2013 af sömu ástæðu. Undirbúningstími framkvæmda lengist stöðugt, m.a. vegna breytinga á lagaumhverfinu. Skipulagsmál, mat á umhverfisáhrifum, samningar við landeigendur, auk undirbúningsrannsóknna og hönnunar tekur að lágmarki 2 ár fyrir hvert verkefni. Þó væri unnt að bjóða út einhver verk sem ekki eru í fyrirbyggjandi drögum að samgönguáætlun þessi ár fyrir lægri upphæðir en fram koma í þingsályktunartillögunni, einkum árið 2013. Stærstu verkefni sem unnt væri að flýta með auknu fjármagni eru jarðgöng.
3. Vegagerðin tekur ekki afstöðu til þess hvort skynsamlegt sé að flýta framkvæmdum með útgáfu ríkisskuldabréfa.

Virðingarfyllt,

Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri.